

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (258. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á fresti til að höfða mál til riftunar á ráðstöfunum fjármálafyrirtækja sem er í slitameðferð frá gildandi lögum.

Viðskiptaráð getur að hluta til fallist á þau sjónarmið sem frumvarpshöfundar vísa til. Mikið umfang felst í slitameðferð fjármálafyrirtækja eins og þeirra sem eru til meðferðar þessa dagana og getur verið tímafrekt að fara yfir öll þau mál sem þeim fylgja. Hins vegar verður að benda á að slitanefndir hafa yfir miklum mannskap að ráða og almennt góðu aðgengi að þeim gögnum sem þörf er á.

Núgildandi lögum er ætlað að setja ákveðnar skorður á slitameðferð og á kröfuhafa. Ekki verður séð að frestur til málshöfðunar til riftunar á ráðstöfunum fjármálafyrirtækja í mörg ár tryggi jafnræði meðal kröfuhafa. Um of rúman ramma er að ræða í frumvarpinu því einnig verður að gæta að rétti aðila til uppgjors krafna. Þörf er einnig á að skýra frekar í frumvarpinu til hvaða mála lengdur frestur nær. Eðli málsins samkvæmt ætti aukinn frestur ekki að gilda um þau mál sem þegar eru komin út fyrir gildandi sex mánaða ramma, þörf er á að áréttu það í frumvarpinu.

Einnig verður að hafa að leiðarljósi við þær aðgerðir sem gripið er til hvað þjóni hagsmunum þjóðarinnar best. Mikilvægt er í ljós þeirra tíma sem nú eru uppi og þess uppbyggingarstarfs sem fyrir höndum er að uppgjör fjármálafyrirtækja ljúki með sem minnstum töfum. Þjóðarhagur er að þessi mál klárast sem fyrst.

Athygli skal vakin á því að ekki er vísað til þess að aðgerðir sem þessar séu gerðar í ljósi hámarksverðmæta. Ekki er sérstakur rökstuðningur fyrir því að fjórfalda þurfi tíma fyrir frestun riftunarmála. Telur Viðskiptaráð hins vegar að 12 mánuðir séu fullnægjandi frestur til málshöfðunar vegna riftunar á ráðstöfunum fjármálafyrirtækja sem eru í slitameðferð en að 24 mánuðir sé of rúmur frestur og þjóni hvorki hagsmunum kröfuhafa né þjóðarhag.

Viðskiptaráð leggur til að frestur til að höfða mál til riftuna á ráðstöfunum fjármálafyrirtækja sem er í slitameðferð verði ekki umfram 12 mánuði ef til breytinga á núgildandi lögum komi.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga að óbreyttu.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð